



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 8. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011

**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ

**Hvenær:** Miðvikudag. 03.11.2010 kl. 17:30

**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari  
Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

**Boðuð forföll:** Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður  
Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður

**Fjarverandi:**

**Fundarritari:** ÓK

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., skýrsla tækninefndar og styrkumsókn

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

#### 2. Skýrsla tæknideildar:

Tækninefnd gerir athugasemdir við þrif og gæði olíuburðar í Öskjuhlíð. PMP upplýsti að olíuburðarvél sé að komast í lag og þar með muni olíuburður vonandi komast í lag. Fulltrúum Reykjavíkurfélaganna falið að ræða við forsvarsmenn Keiluhallarinnar um bætt þrif, sérstaklega á stigbrautum.

#### 3. Styrkumsókn:

Stjórn KLÍ barst þann 13. október sl. umsókn um styrk frá Theódóru Ólafsdóttur og Herði I. Jóhannssyni vegna þátttöku þeirra í tveimur þjálfaranámskeiðum í Finnlandi í desember. Stjórnin samþykkti að styrkja þau um helming af námskeiða- og ferðakostnaði.

#### 4. Utandeild:

16 lið taka þátt í Utandeildinni. Framkvæmd deildarinnar fer vel af stað þó þurft hafi að fresta 1. umferð til 11. nóv. Önnur umferð verður leikin 18. nóvember.

#### 5. Önnur mál:

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn þann 19. nóv. nk. Fulltrúi KLÍ verður PMP í forföllum formanns.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 18:30 – næsti fundur óákveðinn.